

3. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um borgun til lög- reglustjóra fyrir að rita á skipaskjöl. 1862. 31. janúar.

Af því, sem ritað er á ýms íslensk leiðarbréf, er hingað hafa verið send eptir að búið hefir verið að nota þau, hefir dómsmálastjórnin komizt að raun um, að borgun sú, er lögreglustjórar á Íslandi eiga að fá fyrir að rita á skipaskjöl samkvæmt lögum um verzlun og siglingar á Íslandi 15. aprílm. 1854 8. grein, ekki ætíð er rétt reiknuð, einkum að því, er snertir þau skip, er koma tvisvar sinnum eður optar á verzlunarstaði í sama lögsagnarumdæmi.

Þess vegna skorar dómsmálastjórnin á yður herra (tit.) að brýna fyrir lögreglustjórunum í umdæmi því, er þær eruð yfir skipaðir, og fulltrúum þeirra, þeim er hafa myndugleika til að rita á skipaskjöl, svo sem fyrir skipað er, að þeir eigi nákvæmlega að hegða sér eptir því, sem fyrir er mælt í bréfi dómsmálastjórnarinnar 30. júním. 1857¹ (í bréfinu til amtmannsins yfir

1) Bréf dómsmálastjórnarinnar 30. júním. 1857 til amtmannsins yfir vesturumdæminu, er sama dag var tilkynnt hinum amtmönnunum á Íslandi, er þannig hljóðandi:

„Þær hafð, herra amtmaður, í bréfi 20. f. m., látið í ljósi álit yðar um fyrirspurnir nokkrar frá Erlendi Þórarinssyni sýslumanni í Ísafjarðar sýslu:

1. um það, hvort verzlunarmenn, er selja eður kaupa vörur á fleirum en einni höfn í sama lögsagnarumdæmi, eigi ekki að greiða sýslumanni hálfa borgun á hverjum staðnum, auk þeirrar borgunar, sem fulltrúi sýslumanns á heimting á eptir 9. gr. í opnu bréfi 28. desemberm. 1836.

2. um það, hvort þeir verzlunarmenn, er fyrst koma á eina höfn og leggja þar upp varning til sölu, og greiða hin lögboðnu gjöld, eigi ekki, þegar þeir koma aptur og kaupa varning, að greiða á ný hálfa borgun á hverjum þeim stað, þar sem þeir flytja á skip vörur þessar, þó þær að eins séu borgun fyrir það, er þeir áður hafa upp lagt; og

3. um það, hvort ákvörðunin í lögum 15. aprílm. 1854, 8. gr., um borgun til sýslumanns fyrir að rita á skjöl, sé heimild fyrir

1862. norður- og austur-umdæminu: smbr. einnig bréf dómsmálastjórn-
 31. janúar. arinnar til norður- og austuramtsins 13. janúarm. 1860);¹ er
 í því bréfi ákveðið, hvernig að skuli farið þegar svo stendur á,
 sem hér er um rætt, og í áþekktum tilfellum.

nýrri borgun, eður hvort ákvörðun þessa beri að eins að álita
 sem ítrekun þess, sem ákveðið er í 62. grein í aukatekjureglu-
 gjörðinni fyrir Ísland, og hún því einungis veiti heimild til að
 taka sömu borgun og þar er getið.

Um þetta efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til
 þess þér auglýsið það, svo sem nú segir:

Um 1. og 2. tölulið: Eptir aukatekjureglugjörð 10. sept. 1830,
 62. gr., og kanselibr. 17. sept. 1831 (smbr. lög 15. aprilm.
 1854, 8. gr.) ber að eins að greiða einusinni borgun (heila
 eður hálfa) fyrir áteiknun skipaskjala þeirra, sem þar er um
 rætt, auk viðbótar þeirrar, sem ákveðin er í 9. grein í opnu
 bréfi 28. desemberm. 1836, þegar fulltrúi sýslumanns ritar á
 skjölin, jafnvel þó skipið á sömu verzlunarferð komi á fleiri
 en eina höfn í sama lögsagnar-umdæmi, eður optar en einu-
 sinni á sömu höfnina. Af þessu leiðir, að svo má virðast, að
 sýslumaðurinn í Strandasýslu eigi hafi átt með að reikna sér
 borgun, þar sem svo stóð á, sem frá er skýrt í bréfi yðar, því
 er að ofan er getið, er skipið kom á Reykjarfjarðar verzlunar-
 stað í Stranda sýslu eptir að það var búið að koma við á Borð-
 eyri þar í sýslu, og greiða þar hálft gjald fyrir áteiknun skipa-
 skjala.

Um 3. tölulið: Ákvörðun sú, sem hér er um rætt, er að eins ítrek-
 un þess, sem fyrir er skipað í reglugjörð 10. sept. 1830, 62.
 gr., og er hún einkum sett vegna erlendra manna, er koma til
 Íslands til að verzla þar."

1) Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austur-
 umdæminu 13. jan. 1860 er þannig:

„Út af því, hvernig skilja ætti það, sem ákveðið er í 8. grein
 í lögnum frá 15. aprilm. 1854, um borgun fyrir áteiknun
 skipaskjala, hefir sýslumaðurinn í Eyjafjarðar sýslu, St. Thor-
 arensen, í bréfi, er hann gagngjört sendi dómsmálastjórninni,
 spurt um, hvort hann, jafnskjótt og honum seu sýnd skipaskjöl-
 in, geti heimtað að skipstjóri gjöri uppskált, hvort hann ætlar

4. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til nefndar þeirrar, er skipuð var með konunglegri umboðsskrá 20. septemberm. 1861, til að segja álit sitt og uppástungur um fjárhagssambandið milli Íslands og konungsríkisins, viðvíkjandi skuld hins lærða skóla á Íslandi til hins almenna skólasjóðs.

1862.
4. febrúar.

Fyrir ýmisleg gjöld, er borguð voru úr hinum almenna skólasjóði fyrir skólann á Íslandi árin 1844—48, hefir skólinn komizt í skuld við sjóð þenna, og var sú skuld við lok fjárhagsársins 1861 að upphæð 21,861 rd. 20 sk.

Um lúkning skuldar þessarar skrifaðist þetta stjórnarráð á við fjárstjórnina árið 1849, en með því málið ekki varð útkljáð

að sigla á aðrar hafnir á landinu, og þá hverjar; hvort hann eigi rétta heimting á hálfu gjaldi á hverjum þeim stað í sínu lögsagnarumdæmi, þar sem skipið affermir eður hleður, jafnvel þó það einnig affermi eður hlaði í öðrum lögsagnarumdæmum, og hvort hann ókeypis eigi að rita á skjöl þess skips, sem kemur á einhverja höfn í annað skipti á sömu ferð, til þess að afferma þar eður hlaða, en hefir, síðan það kom þar næst á undan, farið á aðrar hafnir.

Um þetta efni skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þér kunngjörði það sýslumanni, að eins og það er vitaskuld að hann, jafnskjótt og skipaskjölin eru sýnd honum, getur krafizt þess, að skipstjórinn skýri honum frá, hvort hann ætli að sigla á nokkra höfn utan þess lögsagnarumdæmis og leggja þar upp nokkuð af farmi sínum, eða flytja þar vörur á skip sitt, þannig leiðir það og berlega af því, sem fyrir er mælt í bréfi dómsmálastjórnarinnar 30. júním. 1857, sem tilkynnt var öllum amtmönnum á Íslandi þeim til leiðbeiningar, að hvort sem skipið kemur á fleiri en eina höfn í sama lögsagnarumdæmi, eður optar en einu sinni á sömu ferð kemur á sömu höfn, ber að eins að greiða sýslumanni einu sinni hálf gjald, svo framarlega sem einnig er eitthvað flutt úr skipinu eður í það í öðru lögsagnarumdæmi.